



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Gaudium ehf. um aukið framlag vegna barna á aldrinum 12 til 18 mánaða

I. Umsókn

Þann 15. febrúar 2022 barst umsókn Gaudium ehf., kt. 600721-0970, rekstraraðila sjálfstætt starfandi leikskólans Regnbogans, Bleikjukvísl 10 Reykjavík, um aukið framlag vegna barna á aldrinum 12-18 mánaða. Í umsókninni kemur fram að leikskólinn Regnboginn óski eftir framlagi með allt að 10 reykvískum börnum, á aldrinum 12 til 18 mánaða, til samræmis við samninga skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna ungarnaleikskóla. Óskað var eftir að við 18 mánaða aldur barns taki aftur við samningur leikskólans fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára. Þegar umrædd börn ná 18 mánaða aldri verði framlag sambærilegt öðrum börnum leikskólans.

Að lokum kemur fram í umsókninni að í Regnboganum hafi umsóknum fyrir börn frá aldrinum 12 mánaða aukist í takt við yfirlýstan vilja borgarinnar til að bjóða foreldrum barna frá 12 mánaða aldri leikskólalátt svo fljótt sem auðið er.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans vegna mögulegrar innritunar 12-18 mánaða barna, dags. 23. maí 2022, liggur fyrir. Í umsögninni kemur fram að foreldraráð Regnbogans skólaárið 2021-2022 hvetji skóla- og frístundasvið til að veita Regnboganum framlag með börnum á aldrinum 12-18 mánaða líkt og í ungarnaleikskólum þannig að þau geti enn betur tekið fagnandi á móti yngri börnum.

Samkvæmt skráningu í Völu 7. júní 2022 eru 71 barn skráð í vistun í leikskólanum, fjögur þeirra með lögheimili utan Reykjavíkur og eitt barn yngri en 18 mánaða.

Samkvæmt rekstarleyfi, dags. 13. október 2021, er Gaudium ehf., veitt leyfi til að reka leikskólann Regnbogann. Samkvæmt rekstrarleyfinu hefur leikskólinn heimild til að reka leikskóla fyrir allt að 82 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Verði beiðni frá 15. febrúar 2022 samþykkt þarf að breyta núgildandi rekstrarleyfi þannig að heimilt verði að vera með 10 börn á aldrinum 12-18 mánaða og jafnframt 72 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Í dag er í gildi samningur milli skóla- og frístundasviðs og Gaudium ehf., um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum Regnboginn, fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, dags. 25. október 2021 sem gildir frá 1. október

2021 til 30. júní 2022. Þar er kveðið á um að fjöldi barna sem greitt er framlag vegna sé að hámarki 74 börn nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2021, var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um gerð viðauka við samninga Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík þar sem gildistími samninga yrði framlengdur til 31. desember 2022.

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Mánaðarlegt framlag vegna barna 12-18 mánaða er kr. 326.027,- m.v. neðangreindar forsendur dagsettar 1. janúar 2022 (https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-03/Rekstrar-%20og%20h%C3%BAsn%C3%A6%C3%B0isframlag%20sj%C3%A1fst.%20starfandi%20leiksk%C3%B3lar%20-%20Ungbarnaskolar%20-%201.%20jan%C3%BAar%20%202022_0.pdf) og meðal mánaðarframlag barna í maí 2022 án afsláttar er kr. 270.984,-. Miðað við þessar forsendur mun rekstrarframlag hækka um kr. 55.043,- á mánuði á hvert barn á aldrinum 12 til 18 mánaða.

Aukið framlag vegna 10 barna á aldrinum 12 - 18 mánaða í stað eldri barna yrði þá á ársgrundvelli kr. 6.054.730,- m.v. greiðslur í ellefu mánuði. Ef tillaga verður samþykkt og taki gildi í september 2022 eru áhrifin kr. í 2.018.243 kr.,- á fjárhagsárinu 2022.

Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárhagshagsáætlun og því þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun ef tillagan verður samþykkt

Leita þarf umsagnar Fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS).

III. Umsögn skóla- og frístundasviðs

Ekki er gerð athugasemd af hálfu skóla- og frístundasviðs við að gerð verði sú breyting að greitt verði framlag vegna 74 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til 6 ára þar af 10 barna á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

Verði breyting á framlagi samþykkt, er lagt til að gerður verði viðauki við núgildandi samning Reykjavíkurborgar og Gaudium ehf. til samræmis við framangreint sem gildi til 31. desember 2022 sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2021, um framlengdan gildistíma samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla. Jafnframt verði gerður nýr samningur við Gaudium ehf. vegna Regnbogans á forsendum samnings vegna yngri barna á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða til samræmis við framangreint. Nýr samningur yrði einnig með gildistíma til 31. desember 2022.

Tryggt verði að þrátt fyrir framangreinda breytingu verði fylgt kennitöluröð við innritun í leikskólann með þeim hætti að elstu börnin verði innrituð fyrst.



Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og Gaudium ehf., kt. 600721-0970, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðisstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum Regnboginn, hér eftir nefndur leikskólinn.

1. gr.

Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á.m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Skólinn aflar og kannar sakarvottorð starfsmanna og tryggir að þeir standist þær kröfur sem leiða af 6. gr. laga um leikskóla. Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnáskilslaga við töku ákvarðana sem eru kærnanlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla til samræmis við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnáskilslögum og birtir á heimasíðu sinni.

2. gr.

Framlag skóla- og frístundasviðs

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og



uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

3. gr.

Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki 74 nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

4. gr.

Rekstrarframlag

4.1 Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára:

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma frá 18 mánaða aldri og þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.



Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilds dagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilds dagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilds dagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilds dagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í viðauka 1 um rekstrar- og húsnæðisframlag.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilds dagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilds dagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksreiðslu foreldra, þ.e. reiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksreiðslu foreldra, þ.e. reiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við reiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun reiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirk og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d.



lást að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

4.2 Rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða:

Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en hefji barn leikskóladvöl áður en það nær 18 mánaða aldri greiðist sama framlag og vegna vistunar reykvískra barna, það er barna með lögheimili í Reykjavík, hjá dagforeldrum.

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, til samræmis við núgildandi reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra¹. Fjárhæð framlags er sú sama og niðurgreiðsla vegna barna hjá dagforeldrum. Rekstrarframlag er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum á ári en ekki er greitt í júlí. Um framlagið gilda sömu reglur og um niðurgreiðslur til dagforeldra.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja, námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum skv. 6. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirkir og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. lást að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhæð framlags kemur fram í yfirliti yfir niðurgreiðslur til dagforeldra í viðauka 2 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Rekstrarframlagið endurskoðast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs, sem liggur til grundvallar á útreikningi framlagsins. Heimilt er að endurskoða fjárhæð framlags oftar.

5. gr. Húsnæðisframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

¹ Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.



Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu. Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

6. gr.

Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku

Leikskólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstakrar aðstoðar og þjálfunar barna í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.

Greiðsla framlags

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu² eða á öðru formi, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs, sem er lesanlegt í Völu. Þar skráir leikskólastjóri upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði sammingsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á www.skolarogfristund.is.



Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

8. gr.

Gjaldskrá

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 1,15.

9. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

10. gr.

Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

11. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur



verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

12. gr.

Breytingar á lögum, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum sammingsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa sammings með tilliti til þeirra.

13. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrimæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem sammingsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi 1. október 2021. Samningurinn gildir til 30. júní 2022 og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár sammingsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Komi til vanefnda á samningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Ákvæði þessa sammings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólaþjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

15. gr.

Varnarþing

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

7 HA

SDA'



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 25.10.2021

F.h. Reykjavíkurborgar
Helga Gunnsson
sviðsstjóri
skóla- og frístundasviðs

F.h. Gaudium ehf.

Sigrún Arnardóttir

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og
yfirlýsingu skóla- og frístundasviðs um
fjarræði:

Gurtaun Elisabet Einarsson

[Redacted]

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og
yfirlýsingu leikskólans um fjarræði:

[Signature]

[Redacted]

Vottar að réttri dags, undirritun og yfirlýsingu
skóla- og frístundasviðs um fjarræði?

Unnur Lárusdóttir

[Redacted]

Anna Guðmundsdóttir

[Redacted]

Viðaukar

Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag

Viðauki 2: Um niðurgreiðslur til dagforeldra

Viðauki 3: Um reglur um leikskólaþjónustu



Viðauki við samning um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Gaudium ehf. kt. 600721-0970 vegna Regnbogans, gerðu þann 25. október 2021 með sér samning um rekstrarstyrk, hér nefnt framlag, vegna vistunar barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 18 mánaða til sex ára.

Aðilar framangreindra samninga og viðauka hafa nú ákveðið að gera viðauka við samningana.

2. gr.

Aðilar framangreindra samninga og viðauka hafa nú ákveðið að gera samkomulag um að gildistími samninganna og viðauki skv. honum verði framlengdur til 31. desember 2022.

3. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá 25. október 2021 og viðauka, sbr. 1. gr., og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samninganna.

Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum gilda ákvæði gildandi samnings dags. 25. október 2021 og viðauka skv. honum. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samninga og fyrri viðauka kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.

4. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Viðaukinn er undirritaður af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs f.h. Reykjavíkurborgar og fyrirsvarsmanni Gaudium ehf., sem ábyrgist að fyrir hendi sé heimild stjórnar leikskólans til að undirrita viðauka þennan.

Hebi Grímsson
sviðsstjóri
skóla- og frístundasviðs

Reykjavík

15. 8

2022

Sigríður Þórhildur Amundadóttir

F.h. skóla- og frístundasviðs

F.h. rekstraraðila leikskólans

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu skóla- og frístundasviðs um

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu leikskólans um fjárræði:

fjárræði:

Anna Guðardóttir

Ummur Lax

Janis T. Magnússon

Rósa Halldórsdóttir

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið

Börn frá 18 mánaða til 6 ára

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra og reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu www.reykjavik.is/skoliogfristund. Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

I – REKSTRARFRAMLAG

1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða aldri og þar til grunnskólaganga hefst við 6 ára aldur.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknunum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknunum leikskóla og að fráreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

a. Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássna í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að fráreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV

Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.1.2022
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	80.469 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	40.235 kr.

b. Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.1.2022
Pr. dvalargildi á mánuði	17.277 kr.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks¹ í leikskólanum sé 66,9%². Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

¹Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

² Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknunum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %³ fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80%.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.⁴

2. Rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða:

Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en hefji barn leikskóladvöl áður en það nær 18 mánaða aldri greiðist sama rekstrarframlag og vegna vistunar reykviskra barna hjá dagforeldrum. Sama húsnæðisframlag er greitt og vegna barna 18 mánaða til 6 ára.

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, til samræmis við núgildandi reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra. Fjárhæð framlags er sú sama og niðurgreiðsla vegna barna hjá dagforeldrum. Rekstrarframlag er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum á ári en ekki er greitt í júlí. Um framlagið gilda sömu reglur og um niðurgreiðslur til dagforeldra.

II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	30.124 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	15.062 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

³ Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

⁴ Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla.

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2022:

Eldri barna skólar											
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 10% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 1,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vísitun) sem SFS greiðir til SSSK	
Stuðull:				0,294%							
M.v. 66,9 % faghlutfal											
6/9 - 17 mánaða	Dagf.gr.	8				69.200	30.124	99.324			99.324
18 - 23 mánaða		2	8	16	66,90%	17.277	80.469	30.124	387.025	32.627	354.398
2 ára		1,6	8	12,8	66,90%	17.277	80.469	30.124	331.739	32.627	299.112
3 ára		1,3	8	10,4	66,90%	17.277	80.469	30.124	290.274	32.627	257.647
4 ára		1	8	8	66,90%	17.277	80.469	30.124	248.809	32.627	216.182
5 og 6 ára		0,8	8	6,4	66,90%	17.277	80.469	30.124	221.166	32.627	188.539

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum

Barngildisstuðull⁵ miðast við árgang og uppfærast í júlí ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2020 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2022, hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2020.

⁵Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is/skoliogfristund.

V – GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 1,15.

VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla - og frístundasvið

Börn 6/9 mánaða til 36 mánaða

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra, reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu www.reykjavik.is/skoliogfristund.

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

I – REKSTRARFRAMLAG

1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 6/9 mánaða aldri til 36 mánaða

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að frá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.1.2022
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	80.469 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	45.235 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.1.2022
Pr. dvalargildi á mánuði	17.277 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks¹ í leikskólanum sé 66,9 %². Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum

¹Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólustjórastarf eða aðstoðarleikskólustjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

² Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknunum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %³ fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80 %.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.⁴

II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	30.124 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	16.062 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

³ Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

⁴ Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS LEIKSKÓLASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2022:

Ungbarnaskólar	Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuði - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:					0,294%						
M.v. 69,9 % faghlutfall											
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	66,90%	17.277	80.469	30.124	387.025	60.998	326.027	
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	66,90%	17.277	80.469	30.124	331.739	60.998	270.741	

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum

Barngildisstuðull⁵ miðast við árgang og uppfærast í september ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2020 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2022 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2020.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólabjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs www.reykjavik.is/skoliogfristund. Vakin er athygli á að hærra framlag er ekki veitt afturvirktt.

V – GJALDSKRÁ UNGBARNALEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá ungbarnaleikskóla vegna barna undir 36 mánaða aldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 2,15.

⁵ Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Umsögn

Viðtakandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsókn um aukið framlag með börnum á aldrinum 12 – 18 mánaða vegna opnunar ungbarnadeildar á leikskólanum Regnboganum

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna tillögu um að gerður verði viðauki við núverandi samning við Gaudium ehf. sem felur í sér þá breytingu að leikskólanum Regnboganum verði greitt hærra framlag vegna allt að 10 reykvískra barna á aldrinum 12 – 18 mánaða. Samningur borgarinnar við leikskólann gerir ráð fyrir að greitt sé með allt að 74 börnum á aldrinum 18 mánaða – 6 ára. Umsóknin felur ekki í sér fjölgun barna, heldur heimild til þess að setja á fót ungbarnadeild með formlegum hætti og að fullt leikskólaframlag verði greitt til skólans vegna barna á aldursbilinu 12-18 mánaða. Samkvæmt skráningu í Völu 07.06.2022 eru 71 barn skráð í vistun í leikskólanum, fjögur þeirra með lögheimili utan Reykjavíkur og eitt barn yngri en 18 mánaða.

Í minnisblaðinu liggur fyrir kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs sem gerir ráð fyrir auknum kostnaði árið 2022 upp á tæpar 3 m.kr. og á ársgrundvelli (greiðslur í 11 mánuði) upp á rúmar 6 m.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við það kostnaðarmat að ef greitt verður fyrir 10 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða samkvæmt framlagi til ungbarnaleikskóla sé kostnaðaraukinn rúmar 6 m.kr. á ársgrundvelli sé einungis um breytta aldursmásetningu að ræða. Áhrif vegna ársins 2022 væru þá um 2,2 m.kr. ef gengið er út frá að börn geti fengið pláss 1. september 2022.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS LEIKSKÓLASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2022:

Ungbarnaskólar										
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistum) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:				0,294%						
M.v. 69,9 % faghlutfall										
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	66,90%	17.277	80.469	30.124	387.025	60.998	326.027
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	66,90%	17.277	80.469	30.124	331.739	60.998	270.741

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum

Samkvæmt minnisblaði skóla- og frístundasviðs eru 67 reykvísk börn skráð á leikskólann og heimilt er að greiða rekstrarframlag vegna allt að 74 barna. Fjármála – og áhættustýringarsvið vill benda á að breytt rekstrarleyfi þar sem heimilt verður að taka inn 10 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða getur breytt eftirspurn og leitt til fjölgunar barna á leikskólanum. Verði það raunin verður kostnaðaraukinn rúmar 3,5 m.kr. pr. barn á aldrinum 12 – 18 mánaða á ársgrundvelli og um 1,6 m.kr. vegna ársins 2022 ef reiknað er með að börn byrji 1. september.

Fjárheimildir skóla- og frístundasviðs taka mið af raunfjölda og aldri barna með leikskólapláss og verði breytingin samþykkt er mikilvægt að rýna fjárheimildir leikskólahluta í samhengi við heildarbarnafjölda og aldurssamsetningu við úthlutun fjárheimilda til starfseminnar vegna ársins 2022 í heild.

**Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.**